

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 15/2024**

**frá 2. febrúar 2024**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2089 frá 28. september 2023 um að samþykkja hvarfmassa  $N,N$ -dídekýl- $N$ -(2-hýdroxýetýl)- $N$ -metýlammóníumprópíónats og  $N,N$ -dídekýl- $N$ -(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)- $N$ -metýlammóníumprópíónats og  $N,N$ -dídekýl- $N$ -(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)- $N$ -metýlammóníumprópíónats sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(1)</sup>
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2100 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kopar(II)oxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2101 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir súlfúrylflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 8 og 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2377 frá 28. september 2023 um að samþykkja ekki silfurkoparseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2378 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir alfaklórólósi til notkunar í sæfivörur í

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 241, 29.9.2023, p. 102.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 241, 29.9.2023, p. 145.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 241, 29.9.2023, p. 147.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L, 2023/2377, 3.10.2023.

vöruflokki 14 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(5)</sup>.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2380 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir basísku koparkarbónati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2386 frá 29. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir koparhýdroxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(7)</sup>.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### *1. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzzn (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/471) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzzzo. **32023 R 2089**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2089 frá 28. september 2023 um að samþykkja hvarfmassa N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 241, 29.9.2023, bls. 102).

12zzzzzzzzzp. **32023 D 2100**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2100 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kopar(II)oxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 241, 29.9.2023, bls. 145).

12zzzzzzzzzq. **32023 D 2101**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2101 frá 28. september 2023 um

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L, 2023/2378, 3.10.2023.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L, 2023/2380, 2.10.2023

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L, 2023/2386, 2.10.2023

frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir súlfúrylflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 8 og 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 241, 29.9.2023, bls. 147),

12zzzzzzzzzr. **32023 D 2377:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2377 frá 28. september 2023 um að samþykkja ekki silfurkoparseólít sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2377. 3.10.2023).

12zzzzzzzzzs. **32023 D 2378:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2378 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir alfaklórólósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2378, 3.10.2023).

12zzzzzzzzzt. **32023 D 2380:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2380 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir basísku koparkarbónati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2380, 2.10.2023).

12zzzzzzzzzu. **32023 D 2386:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2386 frá 29. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir koparhýdroxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2023/2386, 2.10.2023).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/2089 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2023/2100, (ESB) 2023/2101, (ESB) 2023/2377, (ESB) 2023/2378, (ESB) 2023/2380 og (ESB) 2023/2386 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.